

Borgarráð

Endurskoðun gjaldskrár upplýsingartæknideildar

Lagt er til að borgarráð samþykki tillögu starfshóps um endurskoðun gjaldskrár upplýsingartæknideildar og að það fyrirkomulag verði notað við fjárhagsáætlunargerð vegna ársins 2019. Skrifstofu þjónustu og rekstrar og fjármálaskrifstofu verði falið að undirbúa tillögu um útfærslu á þessu breytta fyrirkomulagi.

Greinargerð:

Í um áratug hefur upplýsingatæknikostnaður Reykjavíkurborgar verið settur fram í svokallaðri gjaldskrá og upplýsingatæknimál að mestu fjármögnuð í gegnum innri leigu sem starfseiningar hafa greitt í samræmi við notkun. Tilgangurinn gjaldskrár er að þessi kostnaður sé sýnilegur og að stjórnendur geti tekið upplýstar ákvarðanir varðandi fjármagn í upplýsingatækni. Á þeim tíma sem liðinn er frá því að gjaldskrá var innleidd hefur hlutverk og verksvið upplýsingatækni vaxið gríðarlega og hefur hún nú snertiflöt við nánast alla starfsemi, hvaða nafni sem hún nefnist. Tilgangur gjaldskrárinnar er að auka gegnsæi og auðvelda stjórnendum ákvarðanatöku en sökum umfangs hefur gjaldskráin orðið nokkuð flókin. Þetta hefur gert það að verkum að á stundum hefur verið erfitt fyrir forstöðumenn að setja sig inn í allan kostnað þar sem stór hluti hans er af þeim toga að viðkomandi forstöðumaður hefur í raun ekki val um að sleppa honum eða auka við hann. Sem dæmi um það má nefna netkerfi borgarinnar eða samninga um gagnateningar en kostnaður og mikilvægi þessara þátta hefur vaxið mjög ört undanfarið. Þannig hafa líka komið upp dæmi þar sem gjaldskrárfyrirkomulag hefur beinlínis staðið í vegi fyrir æskilegri framþróun upplýsingatækni. Sem dæmi um það má nefna útbreiðslu þráðlausra neta, sem hefur verið hægari hjá Reykjavíkurborg en öðrum sveitarfélögum, og endurnýjun fundarbúnaðar í samræmi við nýjar þarfir. Það að allur kostnaður er meðhöndlaður sem breytilegur gerir það líka að verkum að það er flóknara fyrir fagsvið að koma stærri áherslum í upplýsingatækni á framfæri eða að forgangsraða í þágu heildarinnar.

Í byrjun árs var stofnaður starfshópur er hafði það hlutverk að meta reynsluna af notkun gjaldskrár og leggja fram tillögur að breytingum ef ástæða væri til. Hópurinn skilaði skýrslu sinni í júní s.l. og leggur þar fram tillögu um að gjaldskrá upplýsingatæknikostnaðar verði breytt í þá veru að upplýsingatæknikostnaði verði skipt í þrjá flokka; breytilegan kostnað, fastan kostnað sviðs og fastan innviðakostnað. Með nokkurri einföldun má segja að í núverandi fyrirkomulagi sé í raun allur kostnaður settur fram sem breytilegur hvort sem sú er reyndin eða ekki. Það fyrirkomulag sem starfshópurinn leggur til er líklegt til að auðvelda forstöðumönnum að taka ákvarðanir sem snúa að þeirra rekstrareiningum og í leiðinni flytja ákvörðunarvald vegna hluta kostnaðar til sviða. Þetta fyrirkomulag gerir einnig ráð fyrir að

föstum innviðakostnaði verði ekki dreift á starfsstaði heldur leggi upplýsingatæknideild fram áætlun um hann fyrir hvert ár. Með þessu fyrirkomulagi sjá forstöðumenn skýrar þann kostnað sem þeir geta haft áhrif á með mun einfaldari hætti en nú er.

Til skýringa er **breytilegur kostnaður** sá kostnaður sem til fellur vegna búnaðar í gjaldskránni, ásamt tilheyrandi þjónustu, sem svið og starfsstaðir ákveða sjálf og þar með kostnaðinn. Fjárheimildir verða hjá sviðum eins og verið hefur. **Fastur kostnaður** sviðs er kostnaður vegna þjónustu og búnaðar sem tengist tilteknu sviði eða sviðum. Upplýsingatæknideild verðleggur þennan þátt og svið tekur afstöðu til þess hvort þörf sé fyrir hann eða ekki. Kostnaðurinn helst óbreyttur innan ársins, nema samkomulag verði um annað milli sviðs og upplýsingatæknideildar. Að lokum er **fastur innviðakostnaður** sá kostnaður sem er til kominn vegna helstu innviða upplýsingatækni Reykjavíkurborgar. Þar er um að ræða ýmsan miðlægan búnað og þjónustu. Gert er ráð fyrir að deildin fái árlegar fjárheimildir vegna þessa kostnaðar og honum verði því ekki dreift á svið og starfsstaði borgarinnar í gjaldskrá eins og verið hefur.

Helsta breytingin er því sú að starfsstaðir og svið fá framvegis fyrst og fremst reikninga fyrir þeim hluta upplýsingatækniútgjalda sem þau hafa raunverulega stjórn á. Jafnframt verður það alfarið á ábyrgð skrifstofu þjónustu og reksturs að afla fjár fyrir þeim hluta útgjaldanna sem flokkast sem kostnaður vegna innviða upplýsingatækni Reykjavíkurborgar. Miðað við núverandi gjaldskrá upplýsingatæknideildar eru kostnaðarhlutföll á milli þessara flokka eftirfarandi:

28.6.2018 eó: Útbý sem Viðauka við Skýrslu starfshóps		Kostnaðarskipting Ný gjaldskrá		
		1	2	3
Auðkenni	Lýsing	Breytilegur	Fastur Sviðs	Innviðir / UTD
U0	Grunnþjónusta og viðbragðsstig - yfirlit	106.186.315	60.149.169	253.687.404
U1	Útstöðvar - yfirlit	162.491.746	0	0
U2	Víðnetsgjöld - yfirlit	9.008.260	5.283.734	243.366.437
U3	Jaðartæki - yfirlit	57.742.006	0	0
U4	Símtæki og tímastimplanir - yfirlit	48.879.589	10.302.799	2.710.116
U5	Hugbúnaður - yfirlit	150.477.705	21.957.939	55.042.700
U6	Sérkerfi - yfirlit	0	50.856.146	787.996
U7	Verkefni - yfirlit	0	136.013.655	95.056.284
Samtölur alls		534.785.620	284.563.442	650.650.938
		36,38%	19,36%	44,26%
		Samtals 2018:		1.470.000.000

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Skýrsla starfshóps um endurskoðun gjaldskrár upplýsingatæknideildar ásamt fylgigögnum.



Skýrsla

starfshóps um endurskoðun gjaldskrár upplýsingatæknideildar

Júní 2018



Reykjavíkurborg

Inngangur

Með erindisbréfi frá 13. febrúar sl. skipaði borgarritari starfshóp um endurskoðun gjaldskrár upplýsingatæknideildar (Borgarritari, 2018).

Hlutverk hópsins var að leggja mat á reynslu Reykjavíkurborgar af gjaldskrá UTD, skoða kosti og galla sem af henni leiða og leggja til fyrirkomulag við ákvörðun upplýsingatæknikostnaðar, breytt eða óbreytt.

Helstu verkefni starfshópsins voru eftirfarandi:

- Draga saman yfirlit yfir sögu og þróun gjaldskrárinnar hjá Reykjavíkurborg.
- Leggja mat á kosti og galla við notkun gjaldskrár.
- Skoða hvaða fyrirkomulag er notað hjá t.d. stórum fyrirtækjum eða sveitarfélögum hérlandis eða erlendis við ákvörðun upplýsingatæknikostnaðar.
- Leggja fram tillögu að fyrirkomulagi til framtíðar við ákvörðun upplýsingatæknikostnaðar og eftir atvikum hugsanlegar breytingar á gjaldskrá.

Starfshópurinn skipuðu:

- Eggert Ólafsson, skrifstofu þjónustu og reksturs, formaður.
- Bryndís Eva Sverrisdóttir, velferðarsviði.
- Dagný Einarsdóttir, upplýsingatæknideild.
- Haukur Þór Haraldsson, skóla- og frístundasviði.
- Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir, fjármálaskrifstofu.

Starfsmaður hópsins var Huguína Ösp Reynisdóttir, skrifstofu þjónustu og reksturs.

Starfshópurinn starfaði á tímabilinu 15. febrúar til 29. júní 2018. Hópurinn hélt alls 14 fundi.

Vinna starfshópsins

Auk reglulegra funda hópsins var haldinn einn aukafundur þar sem rætt var um svonefnt forsenduskjal núverandi gjaldskrár og hópurinn fékk kynningar á gjaldskrár upplýsingatæknideilda Landspítalans, Orkuveitunnar og Vegagerðarinnar. Rætt var við fulltrúa Stjórnarráðs Íslands og Garðabæjar um gjaldskrármál en ekki þótti ástæða til að fá sérstaka kynningu frá þeim. Viðmælendur voru þeirrar skoðunar að æskilegt sé að hafa gjaldskrá en þróunin hefur verið í þá átt að hafa hana eins einfalda og gagnsæja og mögulegt er.

Til þess að leggja mat á kosti og galla við notkun gjaldskrá var unnin SVÓT greining, þar sem styrkleikar, veikleikar, ógnir og tækifæri voru kortlögð.

Formaður starfshópsins sótti ráðstefnu hjá ráðgjafarfyrirtækinu Gartner í mars sl. og átti þar m.a. fund með ráðgjafanum Cindi Howson til að ræða gjaldskrármál. Cindi kom með uppástungu að því hvernig gjaldskrá upplýsingatæknideildar Reykjavíkur gæti litið út. Starfshópurinn mat þessar ráðleggingar og vann út frá þeim tillögu sem var svo send til yfirlestrar hjá Gartner og lögð fram í þessu erindi sem tillaga hópsins.

Starfshópurinn lagði mat á vinnutíma við núverandi gjaldskrárkerfi í Excel-skjölum og bar það saman við áætlaðan vinnutíma við nýtt kerfi í Agresso, sem verður tekið í notkun síðar á árinu. Samtals fara um 75 vinnudagar á hverjum ársfjórðungi í vinnu við gjaldskrána í núverandi högun en gert er ráð fyrir að þeim muni fækka niður í 32 daga þegar kerfið í Agresso verður tekið í notkun.

Samantekt - helstu tillögur

Starfshópurinn leggur til að fjárheimildum UTD verði skipt þrjá þætti. Tveir þeirra verði í endurbættri gjaldskrá, og fjárheimildir þar með hjá sviðum eins og verið hefur, en einn utan gjaldskrár og fái UTD fjárheimildir á hverju ári vegna hans. UTD verðleggur alla liði í gjaldskránni og tekjur og útgjöld UTD verða innan fjárheimilda eins og verið hefur.

Fjárheimildum UTD verði skipt í þessa þrjá þætti:

1. Breytilegur kostnaður

Þetta er kostnaður vegna búnaðar í gjaldskránni, ásamt tilheyrandi þjónustu, sem svið og starfsstaðir ákveða sjálf og þar með kostnaðinn. Fjárheimildir verða hjá sviðum eins og verið hefur.

2. Fastur kostnaður sviðs

Þetta er kostnaður vegna þjónustu og búnaðar sem tengist tilteknu sviði eða sviðum. UTD verðleggur þennan þátt og svið tekur afstöðu til þess hvort þörf sé fyrir hann eða ekki. Kostnaðurinn helst óbreyttur innan ársins, nema samkomulag verði um annað milli sviðs og UTD. Fjárheimildir verða hjá sviðum eins og verið hefur.

3. Fastur innviðakostnaður

Þetta er kostnaður vegna helstu innviða upplýsingatækni Reykjavíkurborgar - ýmis miðlægur búnaður og þjónusta - sem stjórnað er af upplýsingatæknideild. UTD fær árlegar fjárheimildir vegna þessa kostnaðar og honum verður því ekki dreift á svið og starfsstaði borgarinnar í gjaldskrá eins og verið hefur.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Samantekt - helstu tillögur	4
Efnisyfirlit.....	5
Yfirlit yfir sögu og þróun gjaldskrárinnar hjá Reykjavíkurborg.....	6
Mat á kostum og göllum við notkun gjaldskrár	7
Fyrirkomulag hjá öðrum og ráðleggingar Gartner.....	8
Tillögur starfshópsins	9
Tillögur að aðgerðum	10
Kostnaðarmat tillagna	10
Niðurlag.....	11
Viðauki.....	11
Heimildir	11

Yfirlit yfir sögu og þróun gjaldskrárinnar hjá Reykjavíkurborg

Í ársbyrjun 2007 var innleidd gjaldskrá upplýsingatæknideildar (UTD), sem þá hét upplýsingatæknimiðstöð (UTM). Í kjölfar bankahruns árið 2008 var ákveðið að frysta árgjöld gjaldskrárinnar og héldust þau óbreytt allt til ársins 2012 eða í fjögur ár. Árið 2009 var tölvudeild Mennta- og leikskólasviðs (nú SFS) sameinuð UTM en án þess þó að gjaldskráin næði til þess hluta starfseminnar. Fyrir tíma gjaldskrárinnar fengu tölvudeildir borgarinnar tiltekna fjárheimildir sem þeim var gert að nýta sem best. Auk þess höfðu svið og starfsstaðir borgarinnar ýmsar og ólíkar fjárheimildir sem voru nýttar með ýmsum hætti vegna tölvumála. (Innri endurskoðun, 2011 og 2017, Starfshópur, (R12010112), 2012.)

Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar gerði viðamikla úttekt á rekstrarforsendum UTM árið 2011. Í úttektinni var lagt til að meðhöndlun fjárveitinga til upplýsingatæknimála yrði samræmd og að allir notendur greiddu eftir gjaldskrá og að greiðslur utan gjaldskrár yrðu aflagðar. Jafnframt var lagt til að eignarhald á búnaði yrði samræmt og fært til UTM þar sem mismunandi eignarhald á búnaði olli flækjustigi og gæti torveldað hagkvæmustu nýtingu hans. Þá var lagt til að þróunarkostnaður yrði gerður sýnilegur, að skilgreining á útreikningi þjónustugjalds yrði bætt og að gjaldfærsla niður á deildir UTM yrðu yfirfarnar þannig að hægt yrði að lesa kostnað mismunandi eininga beint út úr fjárhagskerfi borgarinnar. (Innri endurskoðun, 2011.)

Í kjölfar úttektar innri endurskoðunar, lagði starfshópur „um endurskoðun á kostnaðarskiptingu upplýsingamála“ fram tillögur og aðgerðaáætlun um skiptingu upplýsingatæknikostnaðar sem samþykkt var í borgarráði í september 2012. (Starfshópur (R12010112), 2012.)

Helstu tillögur starfshópsins voru þessar:

1. Allar rekstrareiningar Reykjavíkurborgar greiði samkvæmt gjaldskrá frá 1.1.2013
2. Ferli við gerð fjárhagsáætlunar verði með þessum hætti:
 - a. Kostnaðarramma verði úthlutað af borgarráði á sama hátt og öðrum stofnunum
 - b. Fjárhagsáætlun verði útfærð innan kostnaðarramma
 - c. Gjaldskrá verði útfærð í samræmi við tilkostnað þjónustu og búnaðar
 - d. Gjaldskrá verði óbreytt út árið
 - e. Svið og stofnanir geti breytt magni og aukist tekjur UTM eða minnki til samræmis
 - f. Fjárhagsáætlun næsta árs taki mið af nýjustu þekktu tekjum og magni
3. Gjaldskráin verði útfærð með tilteknum hætti sem lýst er í skýrslunni
4. Fjárheimildir til búnaðarþjónustu verði ákveðnar sérstaklega hverju sinni og gjaldskrá breytt til samræmis
5. UTM eignist allan búnað innan gjaldskrár og verði hann leigður skv. gjaldskrá
6. Gjafabúnaður verði áfram í eigu þiggjenda, en þjónusta við hann verði í gjaldskrá
7. Kostnaður við almenna hugbúnaðarþróun og launakostnaður vegna þróunar fari í gjaldskrá

Segja má að allar þessar tillögur hafi komið til framkvæmda á árunum 2013 og 2014 og að unnið hafi verið í samræmi við þær síðan. Samkvæmt tillögunum hafa rekstrareiningar borgarinnar greitt samkvæmt gjaldskrá UTD frá ársbyrjun 2013.

Í dag er gjaldskrá UTD skipt í 8 kafla og eru gjaldalínur/árgjöld samtals 261 talsins.

Kaflarnir eru grunnþjónusta, útstöðvar, víðnetsgjöld, jaðartæki, símtæki og tímastimplanir, hugbúnaður, sérkerfi og sérverkefni. Mismunandi er á milli sviða á hversu marga kostnaðarstaði þessum kostnaði er skipt og ráða sviðin hvernig því er háttað. Almenn er kostnaði deilt eftir

fjölda og gerð tölva, tenginga, jaðartækja og hugbúnaðar. Auk þess eru ýmis sérkerfi og verkefni verðlögð sérstaklega.

Rafrænir reikningar eru sendir mánaðarlega en magntölur, og þar með upphæðir á reikningum, breytast á milli ársfjórðunga. Árgjöldum er almennt ekki breytt innan árs. Starfsstaðir hafa því, í mörgum tilvikum, tækifæri til þess að fjölga/fækka eða breyta samsetningu á búnaði á milli ársfjórðunga og greiða þá aðeins fyrir það sem þeir eru með hverju sinni.

Mat á kostum og göllum við notkun gjaldskrár

Starfshópurinn dró fram styrkleika og veikleika við núverandi gjaldskrárfyrirkomulag UTD og benti á ógnanir og tækifæri sem felast í notkun gjaldskrár.

Styrkleikar (kostir)	Veikleikar (gallar)
- Kostnaði er dreift í samræmi við tilmæli innri endurskoðunar og bókhaldsreglur. - Gjaldskrá eykur sveigjanleika þar sem auðveldara er að láta búnað flæða á milli starfsstaða þannig að hann nýtist betur. - Gjaldskrá hvetur til aukinnar kostnaðarvitundar og aðhalds fyrir stjórnendur sviða og deilda. - Gjaldskráin gefur stjórnendum nokkurt svigrúm til þess að velja búnað fyrir starfsmenn, UTD ákveður ekki búnað fyrir hvern og einn starfsmann. - Búnaðarbókhald og eignaskrá er mun betra vegna gjaldskrár. - Gjaldskrá auðveldar fjármögnun UTD vegna endurnýjunar á búnaði og til þess að bæta þjónustu. - Heimild fyrir kostnaðaraukningu vegna aukins búnaðar liggur fyrir þegar beiðni kemur til UTD. - Kostnaður liggur fyrir þegar ákvörðun er tekin af sviði um aukinn búnað eða þjónustu. - Gjaldskrá gefur yfirsýn í flóknu umhverfi borgarinnar og auðveldar forgangsroðun við kaup á ýmsum búnaði og UT-lausnum.	- Vinnutími við umsjón og umsýslu gjaldskrár er umtalsverður, þannig kostar töluvert að halda úti gjaldskrá. - Gjaldskrárskjölin eru flókin og óhentug, sérstaklega fyrir notendur/greiðendur. - Gjaldskráin hefur valdið ágreiningi og hún er umdeild. - Reikningar eru án sundurliðunar. - Gjaldskrá gæti í einhverjum tilfellum staðið verkefnum/ framþróun fyrir þrifum.
Tækifæri (kostir)	Ógnanir (gallar)
- Einfalda má gjaldskrána og gera hana skiljanlegri fyrir notendur, t.d. með því að skipta henni með skýrum hætti í fastan kostnað og breytilegan. UTD stjórnaði þá föstum kostnaði, að hluta til í samráði við svið og deildir, og hann breyttist ekki innan ársins. Svið og deildir stjórnuðu breytilegum kostnaði. - Nýtt gjaldskrárkerfi, sem er í þróun í Agresso, gefur ýmis tækifæri, t.d. þessi: a) Umsjónartími minnkar verulega (um 60%). b) Reikningar verða mun skýrari og líkari hefðbundnum reikningum frá fyrirtækjum – aðeins það sem tengist viðkomandi kostnaðarstað mun koma fram á reikningi þess kostnaðarstaðar. c) Ársfjórðungslegar talningar verða ekki nauðsynlegar þar sem notendur geta fylgst með breytingum jafnóðum og þær gerast. - UTD vill leggja meiri áherslu á ánægju viðskiptavina og breytt uppbygging gjaldskrárinnar gæti endurspeglad það.	- Óánægja notenda með núverandi fyrirkomulag. - Skilningur á gjaldskránni er takmarkaður og á höndum fárra. - Tilburðir hafa verið til þess að finna glufur í gjaldskránni og að spila á kerfið.

Starfshópurinn telur að kostir þess að nota gjaldskrá vegi þyngra en gallarnir, einkum og sér í lagi með tilkomu nýs gjaldskrárkerfis í Agresso. Í framhaldi af þessari greiningu mótuðust tillögur hópsins um breytt gjaldskrárfyrirkomulag UTD.

Fyrirkomulag hjá öðrum og ráðleggingar Gartner

Starfshópurinn kynnti sér fyrirkomulag við ákvörðun upplýsingatæknikostnaðar Landspítala, Orkuveitu Reykjavíkur og Vegagerðinni.

Landspítalinn flokkar sinn upplýsingatæknikostnað í þrjá þætti:

1. Fjárheimildir upplýsingatæknideildarinnar HUT (heilbrigðis- og upplýsingatækni) sem dekkja laun starfsfólks, tæknilega innviði, framþróun miðlægra lausna, miðlæga þjónustusamninga og dagleg þjónustu.
2. Sviðin greiða „eigin kostnað“ sem er notendatölvur og hugbúnaðarleyfi, lækningatæki og varhlutir og hugbúnaðarkerfi sem tengjast þeirra deildum.
3. Fjárfestingapottur sem dekkar stærri lækningatækjakaup og stærri tölvukerfi.

Þarna er annar liðurinn í gjaldskrá en beinar fjárheimildir eru vegna fyrsta og þriðja liðar. Lögð var áhersla á að hafa skýrar reglur sem lýsa því hvað á heima í hverjum þætti.

Orkuveita Reykjavíkur flokkar sinn upplýsingatæknikostnað einnig í þrjá þætti:

1. Rekstrarleiga á tölvubúnaði sem fer eftir verðmæti búnaðar.
2. Sérkerfum er útteilt sérstaklega til að ná fram sanngjarni skiptingu á kostnaði við hugbúnaðarmál.
3. Það sem eftir er af rekstri Upplýsingatækni er deilt út á allar einingar eftir starfsmannafjölda og fjölda tölva í jöfnum hlutföllum.

Þarna eru allir liðir í gjaldskrá og reikningar eru sendir mánaðarlega eins og hjá Reykjavíkurborg.

Vegagerðin hefur unnið að því að einfalda sína gjaldskrá en upplýsingatæknikostnaður þar er dekkjaður með ýmsu móti, svo sem með gjaldskrá, beinum fjárheimildum, sérverkefnasjóði og útseldum vinnutíma hugbúnaðateymis upplýsingatæknideildarinnar.

Þarna er því sumt í gjaldskrá og annað ekki.

Starfshópurinn nýtti sér samning UTD við ráðgjafarfyrirtækið Gartner sem er líklega stærsta greiningar- og ráðgjafarfyrirtæki heims á sviði upplýsingatækni og byggir m.a. á yfirgripsmikilli þekkingu á notkun og kostnaðarskiptingu upplýsingatækni hjá opinberum aðilum víða um heim. Á fundi formanns hópsins með sérfræðingi Gartner í mars voru settar fram hugmyndir um það hvernig mætti skipta upplýsingatæknikostnaði borgarinnar í þrjá þætti; breytilegan kostnað, fastan kostnað sviða og fastan miðlægan kostnað upplýsingatæknideildar.

Starfshópurinn vann úr þessum hugmyndum þær tillögur sem settar eru fram í þessari skýrslu og bar þær síðan undir sérfræðing Gartner á þessu sviði. Á þeim fundi í maí kom fram að Gartner telur þessar tillögur mjög skynsamlegar og mælir eindregið með þeim.

Tillögur starfshópsins

Starfshópurinn leggur til að fjárheimildum UTD verði skipt þrjá þætti eins og lýst er í kaflanum „Samantekt – helstu tillögur“ hér framar. Hér verður gerð nánari grein fyrir hverjum þætti og dæmi tekin til skýringa.

1. **Breytilegur kostnaður** er kostnaður vegna búnaðar í gjaldskránni, ásamt tilheyrandi þjónustu, sem svið og starfsstaðir ákveða sjálf og þar með kostnaðinn. Fjárheimildir verða hjá sviðum eins og verið hefur.

Einingarverð/árgjöld verða endurskoðuð einu sinni á ári af UTD og breytast ekki innan ársins. Útgjöld sviða breytast í takt við magnbreytingar innan ársins, mánaðarlega eða ársfjórðungslega eins og verið hefur.

Dæmi um búnað og þjónustu í þessum hluta gjaldskrár UTD:

Notendatölvur ásamt tilheyrandi þjónustu, skjáir, prentarar og ýmiss notenda-hugbúnaður. Sjá ítarlega sundurliðun í viðauka.

Útgjöld verða sundurliðuð á reikningum UTD þegar það verður mögulegt í Agresso.

2. **Fastur kostnaður sviðs** er kostnaður vegna þjónustu og búnaðar sem tengist tilteknu sviði eða sviðum. UTD verðleggur þennan þátt og svið tekur afstöðu til þess hvort þörf sé fyrir hann eða ekki. Kostnaðurinn helst óbreyttur innan ársins, nema samkomulag verði um annað milli sviðs og UTD.

Dæmi um búnað og þjónustu í þessum hluta gjaldskrár UTD:

Rekstur á kerfum og búnaði sem tengjast tilteknu sviði, t.d. Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR hjá USK) og málaskrá VEL. Ýmis þjónusta sem UTD og svið ákveða í sameiningu. Sjá ítarlega sundurliðun í viðauka.

Útgjöld verða sundurliðuð á reikningum UTD þegar það verður mögulegt í Agresso.

3. **Fastur innviðakostnaður** er kostnaður vegna helstu innviða upplýsingatækni Reykjavíkurborgar - ýmis miðlægur búnaður og þjónusta - sem stjórnað er af upplýsingatæknideild. UTD fær árlegar fjárheimildir vegna þessa kostnaðar og honum verður því **ekki** dreift á svið og starfsstaði borgarinnar í gjaldskrá eins og verið hefur. eins og verið hefur.

Dæmi um fastan innviðakostnað:

Nettengingar, miðlægir netþjónar, þjónustusamningar við birgja, ýmis hugbúnaðarleyfi önnur en notendaleyfi (server leyfi o.fl.), aðkeypt ráðgjöf o.fl. sem UTD ákveður. Sjá

ítarlega sundurliðun í viðauka.

Engir reikningar verða sendir sviðum vegna þessa þáttar.

Með breytilega kostnaðinum ákveða svið og starfsstaðir alfarið sjálf það magn sem þau telja sig þurfa á að halda hverju sinni og sjá jafnframt hverjar kostnaðarbreytingar verða þegar magni er breytt. Með nýju gjaldskrárkerfi í Agresso verður þetta mun skýrara og einfaldara en nú er.

Fastur kostnaður sviðs mun liggja fyrir í fjárhagsáætlunarferlinu fyrir hvert ár og hann breytist ekki innan ársins nema samkomulag verði um annað á milli sviðs og UTD. Tilefni slíkra breytinga gæti verið nýr búnaður eða þjónusta sem svið hefur fengið fjárheimildir fyrir og vill að UTD taki að sér.

Sérstakar fjárheimildir verða veittar UTD vegna fasts miðlægs kostnaður UTD, vegna nauðsynlegra innviða, og hafa svið og starfsstaðir ekki beina aðkomu að þessum þætti, enda verður þessi kostnaður alfarið á ábyrgð UTD og bókaður þar.

Tillögur að aðgerðum

Starfshópurinn leggur til að tillögum hans verði hrundið í framkvæmd strax í haust, fyrir fjárhagsáætlunargerð 2019. Samráð verði haft við FMS um framkvæmdina.

Kostnaðarmat tillagna

Útgjöld borgarinnar vegna upplýsingatæknimála breytast ekki vegna þessara tillagna. Af tillögunum leiðir að hluti þeirra fjárheimilda, sem nú liggja hjá sviðum vegna gjaldskrárútgjalda, verður færður til UTD. Jafnframt munu gjaldskrárútgjöld sviða lækka til samræmis.

Starfshópurinn hefur yfirfarið alla liði núgildandi gjaldskrár UTD og skipt þeim í þá þrjá þætti sem hér er lagt til að lagðir verði til grundvallar breyttu kostnaðarlíkani UTD. Samkvæmt þessu verða kostnaðarlutföllin þessi miðað við magn 1.6.2017 sem var grundvöllur gjaldskrár 2018.

1. Breytilegur kostnaður í gjaldskrá:	36,4% og 535 m.kr.
2. Áætlaður fastur kostnaður sviða í gjaldskrá:	19,3% og 284 m.kr.
3. <u>Áætlaður innviðakostnaður UTD í fjárheimild:</u>	<u>44,3% og 651 m.kr.</u>
Samtals:	100% og 1.470 m.kr.

Fjárhagsrammi UTD verði reiknaður út með sama hætti og verið hefur. Þar verði áfram byggt á magnbreytingum á milli ára (1.6. fyrra árs til 1.6. líðandi árs) ásamt launabreytingum, verðlagsbreytingum og hagræðingarkröfum eins og verið hefur.

Útreikningar árgjalda gjaldskrárinnar yrðu einnig með sama hætti og áður. Breytingar innan gjaldskrár og á milli þáttanna þriggja yrðu því bætтар sviðum og UTD eins og verið hefur gagnvart sviðum.

Með þessu móti verður hægt að gæta þess að ekkert svið, starfsstaður eða kostnaðarstaður innan borgarinnar verði fyrir óvæntum eða ófjármögnuðum útgjöldum vegna þessara breytinga á gjaldskrá og fjárheimildum UTD.

Stærsta breytingin felst í því að sviðin fá framvegis aðeins reikninga fyrir þeim hluta upplýsingatækniútgjalda sem þau hafa stjórn á. Jafnframt verður það alfarið á ábyrgð UTD að afla fjár fyrir þeim hluta útgjaldanna sem flokkast sem kostnaður vegna innviða upplýsingatækni Reykjavíkurborgar.

Niðurlag

Starfshópurinn telur að tillögur hans stuðli að meira gegnsæi, eðlilegri kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu og meiri sátt um gjaldskrána en nú er. Markmiðið er að stjórnendur beri ábyrgð á þeim kostnaðarþáttum sem eru á beinu forræði þeirra. Hópurinn leggur til að þessum tillögum verði hrundið í framkvæmd strax í haust vegna fjárhagsáætlunar 2019.

Viðauki

Flokkun á núgildandi gjaldskrárlínum í þættina þrjá: Breytilegan kostnað, Fastan kostnað sviðs og Fastan innviðakostnað UTD.

Heimildir

Borgarritari: „Erindisbréf Starfshópur um endurskoðun gjaldskrár upplýsingatæknideildar“, 2018.

Innri endurskoðun: „Upplýsingatæknimiðstöð Reykjavíkur“, 2011.

Innri endurskoðun: „Úttektarskýrsla – Stjórnun upplýsingatæknimála“, 2017.

Mynd á forsíðu: *Reykjavíkurborg*.

Starfshópur (R12010112): „Aðgerðaáætlun um skiptingu upplýsingatæknikostnaðar“, 2012.

Viðauki við skýrslu starfshóps um endurskoðun gjaldskrár UTD

28.6.2018 eó: Útbý sem Viðauka við Skýrslu starfshóps

Auðkenni		Lýsing	Kostnaðarskipting Ný gjaldskrá		
			1	2	3
			Breytilegur	Fastur Sviðs	Innviðir / UTD
		U0 Grunnþjónusta og viðbragðsstig - yfirlit	106.186.315	60.149.169	253.687.404
		U1 Útstöðvar - yfirlit	162.491.746	0	0
		U2 Víðnetsgjöld - yfirlit	9.008.260	5.283.734	243.366.437
		U3 Jaðartæki - yfirlit	57.742.006	0	0
		U4 Símtæki og tímastimplanir - yfirlit	48.879.589	10.302.799	2.710.116
		U5 Hugbúnaður - yfirlit	150.477.705	21.957.939	55.042.700
		U6 Sérkerfi - yfirlit	0	50.856.146	787.996
		U7 Verkefni - yfirlit	0	136.013.655	95.056.284
		Samtölur alls	534.785.620	284.563.442	650.650.938
			36,38%	19,36%	44,26%
			Samtals 2018:		1.470.000.000

Viðauki við skýrslu starfshóps um endurskoðun gjaldskrár UTD

28.6.2018 eó: Útbý sem Viðauka við Skýrslu starfshóps

Auðkenni	Lýsing
Grunnpjónusta og viðbragðsstig	
Heildarfjöldi tölva:	
U001	Grunnpjónusta við starfsstaði Reykjavíkurborgar, utan grunnskóla
U002	Aukin þjónusta við starfsstaði þar sem þjónustuþyngd er mikil
U010	Þjónustuborð UT 411 1900
U015	Verkstæðisþjónusta
U020	Miðlæg kerfi (tæknirými) - jafnskiptur kostnaður
U021	Skráarpjónusta (heimasvæði,sameignarsvæði)
U022	Hugbúnaðardreifing
U023	Þjóðskrá, fyrirtækjaskrár o.fl.
U024	Snara
U025	Service Desk - þjónustuborðskerfi
U026	Teamviewer
U030	Þjónustusamningur vegna þjónunstumanna í grunnskólum
U040	Miðlæg grunnpjónusta við grunnskóla
U041	Miðlæg kerfi (tæknirými) - jafnskiptur kostnaður grunnskóla
U042	Skráarpjónusta (heimasvæði,sameignarsvæði) grunnskóla
U043	Hugbúnaðardreifing í grunnskólum
U044	Þjóðskrá, fyrirtækjaskrár o.fl. fyrir grunnskóla
U0 Grunnpjónusta og viðbragðsstig - yfirlit	
Útstöðvar	
U101	Borðtölva 1. Algeng nemendatölva.
U102	Borðtölva 2. Algeng skrifstofutölva.
U103	Borðtölva 3. Margmiðlunartölva.
U103a	Borðtölva 4 Öflg margmiðlunartölva
U103b	Borðtölva 5 Minni sambyggð tölva (t.d. iMac 21")
U103c	Borðtölva 6 Stærri sambyggð tölva (t.d. iMac 27")
U104	Fartölva 1. Einföld fartölva sem ekki gengur í tengikví.
U105	Fartölva 2. Algeng skrifstofufartölva fyrir tengikví.
U106	Fartölva 3. Öflug fartölva fyrir tengikví.
U107	Fartölva 4. Mjög öflug fartölva fyrir sérfræðinga
U110a	Spjaldtölva 1. 20 - 30 þúsund kr.
U110b	Spjaldtölva 2. 30 - 40 þúsund kr.
U110c	Spjaldtölva 3. 40 - 50 þúsund kr.
U110d	Spjaldtölva 4. 50 - 60 þúsund kr
U110e	Spjaldtölva 5. 60 - 70 þúsund kr
U110f	Spjaldtölva 6. 70 - 80 þúsund kr
U110g	Spjaldtölva 7. 80-90 þúsund kr
U110h	Spjaldtölva 8. 90-100 þúsund kr
U110i	Spjaldtölva 9. 100-110 þúsund kr
U110j	Spjaldtölva 10. 110-120 þúsund kr
U110k	Spjaldtölva 11. 120-130 þúsund kr
U110l	Spjaldtölva 12. 130-140 þúsund kr
U110m	Spjaldtölva 13. 140-150 þúsund kr
U110N	Spjaldtölva 14. 150-160 þúsund kr
U110Þ	Spjaldtölva 27. 280-290 þúsund kr
U113	Tengikví
U114	Vinnustöð 1. Borðtölvur fyrir arkitektaforrit og kerfisrekstur.
U115	Vinnustöð 2. Borðtölvur í sérstök verkefni.
U116	Verslunarkassar
U117	Styrktartölvur (tölvur sem aðrir útvega)
U119	Almenningstölvur í tölvuveri - þjóusta innifalin í gjaldi
U120	17 tommu skjár og minni
U121a	19 - 20 tommu skjár 2a fastur
U121b	19 - 20 tommu skjár 2b hækkanlegur
U122	21-22 tommu skjár
U123	23 - 24 tommu skjár
U124	25 - 30 tommu skjár
U125	31 - 35 tommu skjár
U1 Útstöðvar - yfirlit	
Víðnetsgjöld	
U210	Tengigjald tölvu/tækis
U210S	Tengigjald tölvu/tækis - NEMENDUR
U211	Tengigjald umferðarljóss
U220	Eldri víðnetstengingar (g.shdsl/leigulína/ADSL)

Kostnaðarskipting Ný gjaldskrá		
1	2	3
Breytilegur	Fastur Sviðs	Innviðir / UTD
35.536.778		38.602.475
23.079.194		4.752.825
		47.125.088
47.570.343		
		19.271.513
		20.407.475
		36.271.099
		630.000
		600.000
		4.820.000
		400.000
	60.149.169	
		30.972.069
		12.533.742
		13.273.310
		23.607.808
		420.000
106.186.315	60.149.169	253.687.404
33.058.414		
23.285.011		
173.669		
491.953		
448.623		
1.170.478		
17.843.201		
17.827.691		
13.118.599		
1.315.613		
0		
35.198		
1.973.620		
4.575.885		
13.083.146		
9.825.794		
1.042.396		
5.045.515		
2.068.882		
691.178		
279.845		
180.263		
193.595		
51.733		
0		
1.856.197		
1.791.249		
1.245.162		
1.462.534		
94.338		
0		
110.480		
827.605		
799.243		
1.299.651		
1.612.016		
3.612.966		
0		
0		
162.491.746	0	0
		62.318.931
4.067.000		70.172.507
	1.744.200	
		40.250.000

U224	Ljósnet / VDSL+			1.610.000
U230	Ljósleiðari			69.015.000
U240	VPN tenging	2.318.000		
U241	VPN tenging + fjartenging (Citrix)	2.623.260		
U250	Lénagjöld		2.567.412	
U291	Póstgáttarþjónusta pr lén		399.936	
U292	Hýsing í nafnaþjónum pr lén		72.186	
U293	Internetþjónusta (FAX)		250.000	
U294	Tengigjald g.shdsl (FAX)		175.000	
U295	Tengigjald ljósleiðara (FAX)		75.000	
U2 Víðnetsgjöld - yfirlit		9.008.260	5.283.734	243.366.437
Jaðartæki				
U301	Borðprentari A4, ónettengjanlegur	2.374.095		
U301s	Borðprentari A4 grunnskóla, ónettengjanlegur	450.070		
U302	Laser N1, lítill A4, nettengdur, svarthvítur laserprentari	10.628.743		
U302s	Laser N1 grunnskóla, lítill A4, nettengdur, svarthvítur laserprentari	5.061.787		
U303	Laser N2, miðlungs A4, nettengdur, svarthvítur laserprentari	6.649.202		
U303s	Laser N2 grunnskóla, miðlungs A4, nettengdur, svarthvítur laserprentari	1.698.415		
U304	Laser N3 , stór A4, nettengdur, svarthvítur laserprentari	1.204.468		
U304s	Laser N3 grunnskóla, stór A4, nettengdur, svarthvítur laserprentari	265.870		
U305	Laser N1 lit, lítill A4, nettengdur, lita laserprentari	5.041.376		
U305s	Laser N1 lit A4 grunnskóla, lítill A4 , nettengdur, lita laserprentari	2.402.099		
U306	Laser N2 lit A4 miðlungs A4, nettengdur, lita laserprentari	2.560.472		
U306s	Laser N2 lit A4 grunnskóla, miðlungs A4, nettengdur, lita laserprentari	83.497		
U307	Laser N3 lit A4, stór A4, nettengdur, lita laserprentari	276.456		
U307s	Laser N3 lit A4 grunnskóla, stór A4, nettengdur, lita laserprentari	0		
U308	Laser N lit A3, stór A3 nettengdur lita laserprentari	3.450.033		
U309	Blekspr N A4, nettengdur A4 bleksprautprentari	1.478.150		
U309s	Blekspr N A4 grunnskóla, nettengdur A4 bleksprautprentari	382.724		
U310	Blekspr N A3, nettengdur A3 bleksprautprentari	204.457		
U310S	Blekspr N A3, nettengdur A3 bleksprautprentari	0		
U311	Plotter 1 og fjölnotatæki, lítill plotter eða stórt fjölnotatæki	3.468.308		
U311a	Plotter 1 og fjölnotatæki, lítill plotter eða stórt fjölnotatæki án frág	1.909.188		
U311s	Plotter 1 og fjölnotatæki grunnskóla, stórt fjölnotatæki	1.782.517		
U312	Plotter 2, miðlungsstór	1.005.236		
U313	Plotter 3, stór	1.176.111		
U314	Kvittanapr. / Límmiðaprentari	144.546		
U315	Fjölnotatæki millistærð	1.492.004		
U316	Kvittanaprentari við verslunarkassa	131.862		
U316a	Kvittanaprentari við verslunarkassa, einfaldur	102.984		
U320	Teikningaskanni - kaup og endurnýjun innifalin	445.378		
U321	Teikningaskanni - kaup og endurnýjun ekki innifalin	52.367		
U322	Lítill borðskanni (launadeild)	195.597		
U330	Skjávarpi í Höfðatorgi - minni	0		
U331	Skjávarpi í Höfðatorgi - stærri	0		
U332	Skjávarpi fyrir skólastofu	1.264.489		
U3361	Upplýsingaskjár fyrir fundaherbergi			0
U347	Laser N Lit stór (U307)	0		
U351	Plotter 1 og fjölnotatæki eldra (U311)	359.507		
U3 Jaðartæki - yfirlit		57.742.006	0	0
Símtæki og tímastimplanir				
U401	Símanúmer í IP sírstöð	24.814.648		
U406	Avaya one-X þjónustuborð/agent		8.291.223	
U407	Hljóðupptaka símtala - Avaya		1.528.876	
U411	Alcatel sírstöð með stofnkostnaði		164.447	
U412	Alcatel sírstöð án stofnkostnaðar		318.253	
U420	IP símtæki leigð	15.443.933		
U430	Skype 4 Business símvirki	3.546.960		
U450	Blackberry			
U452	Tengigjald snjalltækis við tölvupóst Rvk	3.967.123		
U453	Tengigjald snjalltækis ÍTR, MOF,leisk. við tölvupóst Rvk	1.050.717		
U454	Tengigjald snjalltækis grunnskóla við tölvupóst Rvk	56.208		
U460	Símastimplun Vinnustund			2.710.116
U4 Símtæki og tímastimplanir - yfirlit		48.879.589	10.302.799	2.710.116
Hugbúnaður				
U501	Microsoft útstöðvaleyfi	87.581.117		
U502	Micosoft útstöðvaleyfi skóla	16.041.355		
U503	Micosoft notendaleyfi skóla		21.040.034	
U505	MS Visio Pro	1.365.817		
U506	MS Project	914.208		
U507	MS Visual Studio	121.458		
U508	MS Visio Pro	819.208		
U510	Outlook pósthólf grunngjald starfsmanna (Tölur óbreyttar 2013 og 2014. Endurskoðað síðar.)			31.668.653
U512	Outlook pósthólf frá 2-6 gb	1.453.160		

U513	Outlook pósthólf frá 6-10 gb	631.145		
U514	Outlook pósthólf frá 10-20 GB	469.690		
U519	Open Office			
U520	Lotus Notes hefðbundið	21.694.615		
U521	Lotus Notes skólaleyfi	3.859.858		
U530	GoPro			22.853.043
U531	Paper Port skönnunarhugbúnaður	81.430		
U532	OCR ABBYY Fine Reader 12	31.080		
U535	Internet Cafe Server 5 clientar		74.132	
U537	Parallel Desktop for Mac Business Edition	75.856		
U540	Erindreki		737.352	
U541	Erindreki Bílastæðasjóðs (án leyfagjalda)		18.858	
U542	Microstation - fullt leyfi	294.508		
U543	Microstation Power draft	230.314		
U544	Microstation Power Civil	46.953		
U546	RM Studio Áhættumatskerfi	10.000		
U548	Win DVD	6.606		
U551S	Adobe Crative Cloud for teams Edu			
U560	Agresso þjónusta UTD			521.005
U561	Win SQL Professional	573.132		
U562	TOK Hýsingarsamningur (háður notendafjölda)			
U564	Boardmaker			
U565	MindManager	1.133.745		
U567	MindManager "non profit" leyfi	97.263		
U568	MyQ	0		
U5691	Teamwork Project	0		
U5692	Teamwork desk	0		
U570	Adobe Acrobat Standard	680.975		
U571	Adobe Acrobat Professional Skóla	142.664		
U572	Adobe Acrobat Professional	331.939		
U573	Adobe Illustrator	132.488		
U574	Adobe Photoshop Elements	96.257		
U574a	Adobe Photoshop Elements - nýtt	49.668		
U575	Adobe Photoshop CS2	77.433		
U575a	Adobe Photoshop CS - nýtt	30.695		
U575b	Adobe Photoshop CS2 skóla	27.876		
U576	Movie plus	94.600		
U577	Adobe InDesign	302.391		
U577b	Adobe InDesign uppfært	137.450		
U577S	Adobe MasterCollection	226		
U578a	Adobe CC Suite	2.563.363		
U578b	Adobe CC stök forrit (Photoshop, InDesign, Illustrator)	700.973		
U579	Fotostation	1.396.754		
U580	NovaPoint BAS	0		
U581	NovaPoint Road Professional	0		
U583	Autodesk Civil 3D	1.819.229		
U584	Autodesk Building Design Suite Standard	229.862		
U584P	Autodesk Building Design Suite Premium	296.476		
U585	Camtasia Studio	45.719		
U586	Vigor skaðabótakerfi	0		
U587	Google Sketch	95.673		
U589	UpptökubúnaðurUpptökuhugbúnaður FTR Reporter		87.563	
U590	SPSS BASE	126.347		
U591	SPSS TABLES	50.377		
U592	SPSS Samtímaleyfi (5B+1T)	1.152.714		
U591s	SPSS TABLES Menntasvið	54.622		
U592s	SPSS Samtímaleyfi Menntasvið	379.487		
U593	SnagIT	111.008		
U594	Express Scribe Pro	0		
U595	Svarbox Modernus	327.707		
U596	Skorkortskerfi - QPR	47.909		
U597	FileMaker	1.353.757		
U598	Villupúki	88.548		
U5 Hugbúnaður - yfirlit		150.477.705	21.957.939	55.042.700
Sérkerfi				
U601	Devdom - þróunarþjónn Lotus Velferðarkerfa		787.996	
U602	CctvRhus - Öryggismyndavélar í Ráðhúsi		787.996	
U603	Secdom - raunþjónn Lotus Velferðarkerfa		787.996	
U604	Starfslaun Oracle kerfi v/FMS kjaradeild		1.197.324	
U605	Teista2 - raunþjónn Oracle v/Agresso		1.197.324	
U606	Mentor skilvísi/skoldialogen/vefþjónustur		1.782.000	
U607	Agey - Agresso raunþjónn		787.996	
U608	Öryggism - Aðgangskerfi í Höfðatorgi		787.996	
U609	Centara kassakerfi - centara		787.996	

U610	Centara kassakerfi - rs-centara-01		787.996	
U611	FileMaker		787.996	
U612	ora-dev1 - testgrunnar v/oracle		787.996	
U614	Quickrdom - Lotus Quickr í Lotus		787.996	
U615	RS-Bilastaedasjodur-01 - Bílastæðasjóður		787.996	
U616	RS-Fotow-01 - Fotoware		787.996	
U617	RS-Fotow-02 - Fotoware		787.996	
U619	U619 Mannvirkjakerfi ÍTR (FRI4)		1.575.992	
U620	RS-LUKR-01 - LUKR		787.996	
U621	RS-LUKR-02 - LUKR		787.996	
U622	RS-LUKR-03 - LUKR		787.996	
U623	RS-LUKR-04 - LUKR		787.996	
U625	RS-MATUR-01 - Skólamatur (Idega)		787.996	
U626	RS-QLIKVIEW-01 - Qlikview		738.516	
U627	Skuldabréfakerfi Maritech		146.790	
U628	Webdom - Lotus vefir		787.996	
U629	Hússtjórnarkerfi Ráðhúss		787.996	
U630	RS-MATUR-DEV-01 - Skólamatur (Idega)		787.996	
U631	Mengun - Umhverfissvið		787.996	
U632	RS-bilastaedasj-dev-01		787.996	
U633	Vefþjónn fyrir Menningarnótt (MOF)		787.996	
U634	RS-QLIK-01 – Qliksense			787.996
U641	Landey LUKR		787.996	
U643	netnam.reykjavik.is - Moodle		787.996	
U645	LUKR Oracle-leyfi		1.529.362	
U646	Oracle-rekstur Landey		1.690.786	
U647	LUKR-Fjárfestingar		1.479.972	
U648	LUKR Sameiginlegur rekstur (OR+Míla)		1.602.095	
U649	LUKR ELA samningur (hlutdeild OR og Mílu)		1.327.904	
U650	Hugbúnaðarleyfi skv. samningi við Samsýn/ESRI		11.500.000	
U651	Aðkeypt sérfræðivinna frá Samsýn v. LUKR skv. samn.		884.876	
U655	Fotoware FotoWeb SMA		304.672	
U656	Fotoware IndexManager Enterprise SMA		215.820	
U657	Fotoware ColorFactory SMA		294.972	
U658	Umferðarljósabúnaður - hýsing		746.468	
U661	Vefir í hýsingu hjá UTD, með þjónustu		193.644	
U675	Outlook Business Contact Manager		65.810	
U690	Domino þróunarþjónn (FAX)		332.052	
U691	Myndavélakerfi (FAX)		506.767	
U692	Öryggiskerfi (FAX)		267.101	
U693	Rekstrarhandbók - netþjónn		787.996	
U6 Sérkerfi - yfirlit		0	50.856.146	787.996
Verkefni				
U701	Verkefnastjórnun		40.160.763	
U710	Vala leikskólakerfi SFS		9.006.132	
U711	Frístundaheimilakerfi SFS		9.257.240	
U712	Skólamötuneytiskerfi og Innkaupa&næringarútr. SFS		3.342.900	
U713	Moodle		3.428.600	
U720	Mannvirkjakerfi, aðgangskerfi sundlauga ÍTR		3.788.620	
U730	Fjárhagskerfi, launakerfi, útboðskerfi ofl FMS		15.600.200	
U740	Velferðarkerfi - Málaskrá fjárhagsaðstoðar o.fl.		39.669.080	
U750	Rafræn Reykjavík			26.576.030
U751	Bílastæðasjóðskerfi (Rafræn Reykjavík)		4.457.200	
U754	Vefir Reykjavíkurborgar (Drupal)			45.238.880
U755	Vefir Reykjavíkurborgar (Content XXL)			3.335.641
U756	Joomla vefir SFS, leik- og grunnskóla og MOF			12.174.213
U757	Sérkerfi - þjóðskrá			1.045.720
U760	Fotoware myndvinnsla USK SBB MOF		2.845.720	
U768	Vinnuskólakerfi USK		1.114.300	
U769	Vefþróun USK hugmyndasamkeppni.is		1.114.300	
U790	Stjórnunarupplýsingar og lykiltölur			4.457.200
U791	Mötuneytiskerfi Ráðhúss og Höfðatorgs			2.228.600
U792	Rafrænar kosningar		2.228.600	
U7 Verkefni - yfirlit		0	136.013.655	95.056.284
Samtölur alls		534.785.620	284.563.442	650.650.938
		36,38%	19,36%	44,26%
		Samtals 2018:		1.470.000.000



ERINDISBRÉF

Starfshópur um endurskoðun gjaldskrár upplýsingatæknideildar

Ábyrgðarmaður:

Borgarritari.

Inngangur:

Núgildandi gjaldskrá upplýsingatæknideildar (UTD) á rætur sínar að rekja til ársins 2007 er hún var innleidd í ársbyrjun. Árið 2008 var hún fryst og var óbreytt uns hún var endurskoðuð og endurbætt árið 2012 í kjölfar skýrslu innri endurskoðunar frá nóvember 2011. Þeirri endurskoðun var ætlað breyta gjaldskránni þannig að upplýsingatæknikostnaður dreifðist á gagnsæjan og réttan hátt á notendur. Nú er kominn ríflega 10 ára reynsla á notkun gjaldskrár og því ástæða til að fara yfir kosti og galla fyrirkomulagsins. Reglulega koma upp ýmis sjónarmið og rök sem ýmist hníga að því að efla gjaldskrána eða leggja hana af.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að leggja mat á reynslu Reykjavíkurborgar af gjaldskrá UTD, skoða kosti og galla sem af henni leiða og leggja til fyrirkomulag við ákvörðun upplýsingatæknikostnaðar, breytt eða óbreytt.

Helstu verkefni:

- Draga saman yfirlit yfir sögu og þróun gjaldskrárinnar hjá Reykjavíkurborg.
- Leggja mat á kosti og galla notkunar gjaldskrár.
- Skoða hvaða fyrirkomulag er notað hjá t.d. stórum fyrirtækjum eða sveitarfélögum hérlandis eða erlendis við ákvörðun upplýsingatæknikostnaðar.
- Leggja fram tillögur að fyrirkomulagi til framtíðar við ákvörðun upplýsingatæknikostnaðar og eftir atvikum hugsanlegar breytingar á gjaldskrá.

Starfshópurinn skipa:

Eggert Ólafsson, skrifstofu þjónustu og reksturs, formaður.

Dagný Einarsdóttir, upplýsingatæknideild.

Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir, fjármálaskrifstofu.

Haukur Þór Haraldsson, skóla- og frístundasviði.

Bryndís Eva Sverrisdóttir, velferðarsviði.

Starfsmenn:

Hugrún Ösp Reynisdóttir, skrifstofu þjónustu og reksturs.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti eftir atvikum ráðgjafar innan og utan borgarkerfis.

Starfstímabil:

Hópurinn skili niðurstöðum eigi síðar en 1. maí 2018.

Reykjavík, 13. febrúar 2018.



Stefán Eiríksson
borgarritari